

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 14:00 mánudaginn 25. mars 2024, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson, Hilda Jana Gísladóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sara Sigmundsdóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Halldór Óli Kjartansson og Hjalti Páll Þórarinsson.

Formaður fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## Dagskrá:

### 1 Staða verkefna

Starfsmenn MN fóru yfir stöðu verkefna.

MN er um þessar mundir að boða til súpufunda um allt Norðurland. Alls verða haldnir 8 fundir (5 er þegar lokið) þar sem kynnt verða helstu verkefni MN og boðið upp á spjall um starf MN og annað sem fólki liggur á hjarta. Á fundunum er einnig gerð þjónustukönnun á ýmsum þáttum í starfsemi MN. Umræðurnar hafa verið mjög góðar og gagnlegar og þátttakendur verið ánægðir með fundina.

Skíðaferðin árlega verður haldin 11. apríl n.k. Daginn áður (10. apríl) verður haldin FAM ferð fyrir íslenskar ferðaskrifstofur og að þessu sinni verður ferðast um Akureyri og Eyjafjarðarsveit. Þetta var fyrst gert í fyrra og tókst mjög vel að tengja slíka ferð við Skíðaferðina.

Baðstaðir á Norðurlandi starfa að markaðssetningarverkefni undir forystu Markaðsstofunnar. Verkefnið er fjármagnað af baðstöðunum og tengist sókn á erlenda markaði þar sem beint millilandaflug á sér stað núna þegar að stefnt er að því. Verkefnið er liður í að styrkja ímynd norðurlands gagnvart kjarnamarkhópum.

## Flugmál

- easyJet búið að tilkynna flugáætlun frá lok október til loka febrúar á næsta ári. Flugíð hefur gengið vel hingað til og er Flugklasinn í reglulegum samskiptum við easyJet varðandi áframhaldandi flug. Áhrifa af þessum flugum er þegar farið að gæta hjá ferðaþjónustuaðilum víða á Norðurlandi sem eru að sjá fleiri breska gesti í vetur en áður.
- Svissneska ferðaskrifstofan Kontiki stóð fyrir 6 leiguflugum frá Zurich í vetur. Flugin gengu vel og Kontiki ánægt með fyrsta veturinn á Norðurlandi. Stefnt að sama uppleggi næsta vetur.
- Voigt Travel stóð fyrir 12 leiguflugum frá Amsterdam í vetur. Flugin gengu vel og farþegar ánægðir. Fjöldi farþega var þó undir markmiðum Voigt Travel, en þar spiluðu eldsumbrot á Reykjanesi stóra rullu. Voigt Travel stefnir þó áfram á leiguflug, bæði nú í sumar og næsta vetur.
- Edelweiss mun fljúga áætlunarflug frá Zurich til Akureyrar í sumar. Þessi áætlun hófst síðasta sumar og eru þessi flug frábær leið fyrir Norðlendinga til að fljúga til suður-Evrópu, þar sem Zurich er frábær tengiflugvöllur. Flugklasinn mun funda með Edelweiss á næstu vikum og taka stöðuna fyrir sumarið.
- Hjalti sat fund flugnefndar SAF sem haldinn var í tengslum við aðalfundur SAF í síðustu viku. Þar voru kynnt áform um byggingu Öldu – nýrrar brúar í Fossvogi. Ljóst er að framkvæmdir við þá brú munu hafa áhrif á nýtingu á Reykjavíkflugvelli, þar sem loka verður aðalflugbraut vallarins á meðan verið er að reisa brúna. Ekki er ljóst hversu marga daga þarf að loka, en unnið er að því að lágmarka raskið.

Einnig var farið yfir þær takmarkanir sem of há tré í Öskjuhlíð eru farin að hafa á nýtingu á Reykjavíkurlflugvelli. Afar brýnt er að grípa þar strax til aðgerða til að skerða ekki enn frekar rekstur flugvallarins.

Umræður í stjórn um mikilvægi þess að halda áfram með einhverjum hætti því starfi sem Flugklasinn hefur sinnt hingað til.

Einnig umræður um vísbendingar um mögulegan samdrátt í ferðaþjónustu á þessu ári og nauðsyn þess að halda úti öflugri markaðssetningu fyrir Ísland allt. Fjárframlög til markaðssetningar á Íslandi eru lág og áhersla Íslandsstofu á ferðaþjónustu virðist vera minni en áður. Því vantar skýrari stefnu og meiri kraft í markaðssetningu á Íslandi.

*Stjórn samþykkir að fela formanni að óska eftir fundi með ráðherra ferðamála til að ræða almenna markaðssetningu á Íslandi og áherslur Íslandsstofu.*

## **2 Fjármál**

Framkvæmdastóri lagði fram drög að ársreikningi til kynningar. *Samþykkt af stjórn.*

Grófargil hefur tekið við bókhaldi MN, en KPMG mun áfram sjá um endurskoðun.

Samningur við Íslandsstofu fór úr 5 milljónum á ári niður í 2,7 milljónir fyrir þetta ár, og gildir hann til eins árs. Vilji Íslandsstofu virðist vera að hætta alveg framlögum til markaðsstofanna eftir þetta ár.

## **3 Undirbúningur aðalfundar**

Aðalfundur MN verður haldinn þann 16. Maí n.k. í Hrísey kl. 13:00-15:00. Til viðbótar við hefðbundin aðalfundarstörf verður kynning frá ferðaþjónustuaðlia í Hrísey, kynning á asíska markaðinum og innlegg frá SAFum hvaða fjármunir fari frá ferðaþjónustu til sveitarfélaga.

Á fundinum þarf að kjósa um tvö sæti í stjórn, eitt frá Norðurlandi vestra og eitt á Norðurlandi eystra, en Örn og Sigrún eru að ljúka sínu kjörtímabili. Jafnframt þarf að kjósa varamenn til eins árs. SSNV og SSNE þurfa að staðfesta fulltrúa og varafulltrúa í stjórn.

## **4 Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:15

Fundarritari HPP